



Barnaheill

ÁRSSKÝRSLA 2023

VIÐ STÖNDUM VAKTINA Í ÞÁGU BARNNA Á ÍSLANDI OG Í 120 ÖÐRUM LÖNDUM

Barnaheill – Save the Children starfa í 120 löndum og snerta líf 180 milljóna barna á hverju ári. Við hjá Barnaheillum gerum áþreifanlegt gagn í samfélaginu og gætum réttinda allra barna. Við höldum úti fræðslu og forvörnum, bregðumst við mannúðarkrísum, veitum neyðaraðstoð og leggjum ríka áherslu á að raddir barna heyrist. Við teljum að með því að tryggja velferð barna aukist líkur á velfarnaði þeirra síðar á lífsleiðinni.

Efnisyfirlit

- 3 Frá formanni
- 4 Innlend verkefni
- 6 Menntun
- 7 Vernd gegn ofbeldi
- 8 Þátttaka
- 9 Fjáröflun
- 10 Erlent starf
- 11 Tekjur og gjöld
- 12 Þakkir



Ársskýrsla 2023

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Reykjavík, maí 2024

Prentvinnsla: Litróf – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Forsíðumynd: Börn í leik á Barnvænu svæði Barnaheilla í Uvira,

Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Mynd/Hákon Broder Lund

Þær áskoranir sem fjöldi barna býr við í dag eru að mörgu leyti fordæmalausar. Fjöldi fylgdarlausra barna eru á flóttu vegna stríðsátaka og loftslagshamfara, börn eru að missa heimili sín og öryggi vegna náttúruhamfara á borð við eldgos, auk þess sem lágmarksréttur barna sem sækja um alþjóðlega vernd til menntunar er ekki tryggður, svo eitthvað sé nefnt.

Það má því segja að starf Barnaheilla hafi aldrei verið brýnna en einmitt nú þegar tekist er á við þessa breyttu heimsmynd. Í því ljósi var ráðist í stefnumótun og endurskoðun verkefna samtakanna árið 2023, sem hófst með greiningarfundi starfsfólks og stjórnar á haustmánuðum, sem leidd var af utanaðkomandi ráðgjöfum. Þar kom meðal annars fram mikilvægi þess að kröftum samtakanna væri ávallt beint þangað sem þörfin væri mest – og að endurskoða skyldi verkefni samtakanna í því ljósi, meðal annars með tilliti til þess hvort önnur samtök og/eða aðilar væru að sinna sömu verkefnum. Breytt heimsmynd, þar sem börn búa í síauknum mæli við stríð og hamfarir, krefst þess að við leitum nýrra leiða til að uppfylla það markmið samtakanna að sérhvert barn fái uppfylltan rétt sinn til lífs og þroska, menntunar og verndar.

Stefnumótunarvinnu verður haldið áfram og lokið árið 2024, í samstarfi starfsfólks og stjórnar.

Handhafi viðurkenningar Barnaheilla árið 2023, sem veitt er í tengslum við dag Barnasáttmálans þann 20. nóvember, var Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Viðurkenninguna hlaut Vilborg fyrir sérstakt framlag sitt í þágu barna og mannréttinda þeirra, en hún hefur um áratuga skeið barist fyrir hagsmunum barna sem búa við fátækt. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti viðurkenninguna.

Aðalfundur Barnaheilla fór fram þriðjudaginn 30. maí 2023. Á fundinum lét Harpa Rut Hilmarsdóttir af störfum sem stjórnarformaður Barnaheilla eftir fimm ár sem stjórnarformaður og sex ára stjórnarstörf og þökkum við henni vel unnin störf í þágu samtakanna. Í hennar stað var undirrituð kjörin nýr stjórnarformaður til tveggja ára. Fjórir nýir stjórnarmenn tóku sæti í



Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir

stjórn samtakanna og voru kosnir til tveggja ára. Herdís Pála Pálsdóttir var kosin meðstjórnandi og Ólafur Aðalsteinsson, Anna Magnea Hreinsdóttir og Eva Huld Ívarsdóttir sem varamenn. Úr stjórn gengu Brynja Dan Gunnarsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Funi Sigurðsson og Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir og er þeim kærlega þakkað fyrir vel unnin störf á undanförunum árum fyrir Barnaheill.

Þá urðu einnig breytingar á starfsmannahaldi samtakanna. Af störfum létu Matthías Freyr Matthíasson og Þóra Jónsdóttir og eru þeim þökkuð góð störf í þágu Barnaheilla. Guðrún Helga Jóhannsdóttir fór í leyfi frá störfum til að starfa hjá svæðisskrifstofu Barnaheilla í Senegal. Þá lét Ellen Calmon af störfum sem framkvæmdastjóri og tók Berglind Sigmarsdóttir við því starfi tímabundið. Þann 1. desember var Tóttla I. Sæmundsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Barnaheilla og mun hún hefja störf á nýju ári.

Stjórnarfólki, starfsfólki, sjálfbodaðliðum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir,
formaður stjórnar Barnaheilla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa meðal annars vakið athygli á og fjallað um fátækt barna á Íslandi, haldið úti forvarnarfræðslu varðandi kynferðisofbeldi á börnum og staðið vaktina sem málsvari barna og gætt réttinda þeirra með því að taka virkan þátt í lýðræðislegri umræðu í þágu barna.

Almenn réttindabaráttta



Barnaheill og fleiri félög vinna saman að baráttu fyrir bættum réttindum barna undir nafninu Barnaréttindavaktin. Hópurinn vinnur saman að skýrslugerð um framfylgd mannréttinda barna og Barnasáttmálans. Barnaréttindavaktina skipa ásamt Barnaheillum, UNICEF á Íslandi, Þroskahjálpi, Mannréttinda-skrifstofa Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Ungmennafélag Íslands, Heimili og skóli og Samfés.



Dagur mannréttinda barna

Frá árinu 2016 hafa Barnaheill séð um framkvæmd á Degi mannréttinda barna. Í þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra vorið 2021 um Barnvænt Ísland – framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að efla skuli þennan dag og nýta daginn enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna. Stýrihópur stjórnarráðsins í málefnum barna er framkvæmdaraðili dagsins í samstarfi við Barnaheill.

Árið 2023 var þema dagsins: Umburðarlyndi.

Í tilefni Dags mannréttinda barna voru haldnir dagar umburðarlyndis og fengu allir leik- og grunnskólar landsins aðgang að fjölbreyttu efni á vef Barnaheilla. Dögum umburðarlyndis lauk með litríka deginum og tóku þó nokkrir skólar þátt í þessu með okkur.



Starfsfólk Barnaheilla afhentu forsætisráðherra undirskriftarlista og skoruðu á íslensk stjórnvöld að uppræta fátækt meðal barna á Íslandi.

Fátækt barna á Íslandi – Skorað á íslensk stjórnvöld

Barnaheill hafa frá árinu 2013 tekið þátt í starfi Evrópuhóps Barnaheilla - Save the Children þar sem fátækt barna og félagsleg einangrun í Evrópu hefur verið könnuð.

Fimm skýrslur hafa verið gefnar út af Evrópuhópnum og ný skýrsla kom út í mars árið 2023. Í skýrslunni kemur fram að 13,1% barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun og eitt af hverjum fjórum börnum í Evrópu. Í kjölfar útgáfu skýrslunnar hófu Barnaheill undirskriftarsöfnun til þess að skora á íslensk stjórnvöld að gera stefnu og aðgerðaáætlun til að uppræta fátækt meðal barna á Íslandi. En samkvæmt skýrslunni hefur Ísland ekki markað sér stefnu líkt og önnur ríki í Evrópu.

Ein jörð fyrir öll börn

Barnaheill hafa sett sér sjálfbærnistefnu sem nefnist Ein jörð fyrir öll börn – um ókomna tíð. Samtökin vilja með starfi sínu vinna gegn loftslagsbreytingum og annarri

umhverfisvá sem bitnar á velferð barna og þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Rekstur íbúðar Barnaheilla

Barnaheill hafa átt íbúð við Skúlagötu í Reykjavík í fjölda ára, sem var ætluð fjölskyldum langveikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hafði lengi umsjón með notkun hennar og útleigu. Barnaheill seldu íbúðina á haustmánuðum 2023 og nálgast má upplýsingar um sölu á ársreikningi.



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfinu Kirkjunnar hlaut viðurkenningu Barnaheilla.

MÁLVARAHLUTVERK BARNAHEILLA

Málvarahlutverkið er mikilvægur liður í starfi samtakanna í þágu barna. Barnaheill senda reglulega umsagnir til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir er lúta að málefnum barna hér á landi sem og erlendis. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila þegar samtökin telja brotið á réttindum barna.

Á árinu 2023 sendu samtökin frá sér alls 22 umsagnir sem snertu frumvörp til laga í hinum ýmsu málaflokkum. Má þá helst nefna umsögn um tillögu til þingsályktunar um skólamáltíðir og umgjörð þeirra. Barnaheill hafa um árabil talað fyrir því að

skólamáltíðir séu gjaldfrjálssar – enda einn af lykilþáttum þess að vinna gegn fátækt barna.

Ráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er ráðgjöf þar sem börn og fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Á árinu 2023 bárust 18 erindi. Málin voru af ýmsum toga og vörðugu m.a. börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi, netöryggi barna, forsjármál, umgengismál, eineltismál, grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

Árleg viðurkenning

Viðurkenningin er veitt á afmæli Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember ár hvert. Frá árinu 2002 hafa

samtökin veitt viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra.

Árið 2023 hlaut Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfinu Kirkjunnar, viðurkenningu Barnaheilla. Vilborg hefur um áratuga skeið barist fyrir hagsmunum barna sem búa við fátækt og er hún öflugur málsvari þeirra í samfélaginu.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram á Grand Hótel. Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti þar ávarp, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti viðurkenninguna og Bergrún Íris Sævarsdóttir, stjórnarmaður í stjórn Barnaheilla stýrði athöfninni.

Fræðsla og forvarnir

FRÆÐSLA OG FORVARNIR



Árhvertveitir starfsfólk Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, sem og um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum barna. Námsfólk, skólar, önnur samtök og opinberir aðilar leita til Barnaheilla eftir upplýsingum og fræðslu.

KYNNINGARSTARF

Áhersla er lögð á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar og greinar frá Barnaheillum eru birtar á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlinum Facebook. Samtökin halda úti öflugum samfélagsmiðlum á Facebook og Instagram.

FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna og má nálgast efnið á vefsíðu samtakanna.



CSAPE

Frá árinu 2022 hafa Barnaheill í samvinnu við Finnland, Grikkland, Albaníu og Bosníu og Hersegóvínu unnið að því að þróa fræðslu og forvarnarefni um kynheilbrigði barna. Sú vinna hélt áfram á árinu. Markmiðið með þessu verkefni er að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum með því að fræða börn, fullorðna og þá aðila sem vinna náið með börnum s.s. í skólakerfinu, íþróttum og frístundum. Efnið var þróað í tengslum við verkefnið CSAPE (Child Sexual Abuse Prevention and Education) 2022–2024 sem er fjármagnað af Evrópusambandinu; European Internal Security Fund (ISF). Ráðgjafahópur barna og ungmenna var auk þess stofnaður í öllum löndunum

fimm til að tryggja að raddir barna fái að heyrast um málefnið og hafa áhrif á þróun verkefnisins.

Barnasáttmálinn

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Menntamálastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi barna. Þar er hann birtur með barnvænum texta, hann er táknmálstúlkaður og á vefnum er vefþula sem hentar blindum og sjónskertum. Vefurinn hefur jafnframt að geyma Barnasáttmálann á mörgum erlendum tungumálum.

Þetta er líkaminn minn

Barnaheill gefa út fræðsluefni sem afhent er foreldrum í ung- og smábarnavernd. Það er bókin *Þetta er líkaminn minn* sem fjallar um einkastaði líkamans og rétt barna til að setja sér mörk þegar kemur að eigin líkama.

VERND BARNNA GEGN OFBELDI



Barnaheill hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu; gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni og gegn því að vera neydd til vándis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir upplýsingum og öðru efni sem getur skaðað velferð þeirra.

ÁBENDINGALÍNA BARNHEILLA



Frá árinu 2001 hafa Barnaheill rekið Ábendingalínu þar sem tilkynnt er um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu sem varðar börn en það er Ríkislögreglustjóri sem vinnur úr ábendingunum. Á árinu stóðu samtökin fyrir kynningarherferð og dreifðu veggspjöldum í alla grunn- og framhaldsskóla á landinu, frístundarheimili, félagsmiðstöðvar og sundlaugar.

Ábendingalínan er hluti af SAFT verkefninu sem er í samvinnu við Heimili og skóla og Rauða krossinn sem rekur Hjálparsímann 1717. Barnaheill eru meðlimir í INHOPE, regnhlífasamtökum ábendingalína um allan heim. Með þátttöku í þeim samtökum taka Barnaheill þátt í að vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn börnum á neti hvar sem er í heiminum. Fulltrúi Barnaheilla átti sæti í stjórn INHOPE, til lok árs 2023.

VINÁTTA – FRI FOR MOBBERI



Barnaheill héldu fjölda námskeiða fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla auk frístundaheimila í tengslum við *Vinátta* sem er forvarnarefni gegn einelti.

Barnaheill hafa frá árinu 2014 verið í samstarfi við Mary Fonden og systursamtök okkar Red barnet – Save the Children í Danmörku um notkun á *Vinátta* – Fri for mobberi. En *Vinátta* samanstendur af námsefni fyrir börn á aldrinum 0-9 ára þar sem áhersla er lögð á góð samskipti og jákvæðan skólabrag sem forvörn gegn einelti. Fimm lönd vinna með efnið auk Íslands og Danmerkur; Eistland, Færeyjar, Grænland, Rúmenía og Frakkland. Haldin er ráðstefna ár hvert þar sem fulltrúar þessara landa hittast, deila hugmyndum og fá ráð. Að þessu sinni var hún haldin í Kaupmannahöfn og sóttu hana þrír verkefnastjórar *Vinátta*. Þeir kynntu hvað verið er að gera á Íslandi en lögð hefur verið áhersla á ný og fjölbreyttari námskeið með það að markmiði að mæta þörfum skólaumhverfisins. Einnig eru reglulega haldnir stöðufundir með fulltrúum frá Red Barnet og Mary Fonden í gegnum Teams.



Að þessu sinni var hún í Kaupmannahöfn og sóttu hana verkefnastjórar Vináttu. Einnig eru reglulega haldnir stöðufundir með fulltrúum frá Red Barnet og Mary Fonden.

- 197 sóttu námskeið Vináttu fyrir leikskóla
- 83 sóttu námskeið Vináttu fyrir grunnskóla og frístund
- 132 foreldrar fengu fræðslu um hvernig þeir geta stuðlað að góðum samskiptum



VERNDARAR BARNNA

Verndarar barna er forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi á börnum. Markmið þess er að vernda börn gegn kynferðisofbeldi og skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum bjóðast góðar og gagnlegar leiðir til að vernda börnin. Með fræðslu er stuðlað að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi.

Námskeið

Viðamesta verkefnið undir hatti *Verndara barna* er samnefnt námskeið. Markmið námskeiðsins er að kenna leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í mikilvægum skrefum til að auka vitneskju um hvernig megi koma í veg fyrir ofbeldi, hvaða vísbendingar og einkenni geta bent til þess að barn er að verða fyrir slíku ofbeldi og hvernig bregðast megi við, ásamt upplýsingum um hvernig tilkynna á um grun um ofbeldi.

Samstarf milli Barnaheilla og KSÍ hélt áfram á árinu 2023 en það hófst árið 2022. Samstarfið felst í námskeiðinu Verndarar barna og er það opið öllum sem tengjast knattspyrnu. Heildarfjöldi þeirra sem fengu fræðslu 2023 var 2.676 sem skiptist á eftirfarandi hátt:

- 305 fullorðnir gerðust Verndarar barna með því að sækja samnefnt námskeið.
- 9 aðilar fengu handleiðslu og ráðgjöf.
- 75 fullorðnir hlýddu á fyrirlestur um forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota.
- 2.284 börn í þriðja bekk í grunnskólum sáu fræðslumyndina Leyndarmálið.
- 3 fullorðnir sátu kynningu á verkefnum Verndara barna.

SKOH – HVAÐ ER OFBELDI?

SKOH - Hvað er ofbeldi? er fræðsla sem var prufukeyrð haustið 2022 og stóð fram í febrúar 2023. Markmið fræðslunnar var að eiga samræður við nemendur í 5.-10. bekk um ofbeldi í öruggu umhverfi með áherslu á að styrkja sjálfsmynd, æfa mörk og auka almenna þekkingu og skilning á ofbeldi.

SKOH!

H V A Ð E R O F B E L D I ?

Ungmennaráð Barnaheilla

Ungheill, Ungmennaráð Barnaheilla, tók aftur til starfa á árinu 2023 eftir nokkurra ára hlé en Covid-19 faraldurinn hafði sett strik í starfsemi ungmennaráðsins. Nýr formaður var kjörinn, Aníta Sóley Scheving, ásamt sjö öðrum öflugum fulltrúum. Hlutverk Ungheilla er að hvetja ungt fólk til að beita sér, hafa áhrif og berjast fyrir mannréttindum barna.

Ungheill héldu úti öflugum starfi og tóku fulltrúar þeirra meðal annars þátt í Nordic Activist Camp, sem er samstarfsverkefni ungmennaráða Barnaheilla – Save the Children í Svíþjóð, Noregi og Danmörku og í ár bættust Ísland og Álandseyjar við.

Barnaréttindavaktin

Barnaréttindavaktin er óformlegur samstarfsvettvangur níu félagasamtaka sem öll starfa að bættum réttindum barna. Félögin eru Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Heimili og skóli, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn, Samfés, Ungmennafélag Íslands, UNICEF á Íslandi, Proskahjálpi og Öryrkjabandalag Íslands. Meðal verkefna Barnaréttindavaktarinnar eru sameiginleg skýrsluskil til Barnaréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og verkefnið Talsmenn barna á Alþingi.

Velferðarvaktin

Barnaheill hafa tekið þátt í starfi velferðarvaktar félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins frá stofnun hennar árið 2009 og eiga fulltrúa í báðum samráðshópum vaktarinnar. Vaktin er samráðs- og samstarfsvettvangur og álitsgjafi á sviði velferðarmála.

Barnaheill eiga samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenski þróunarsamvinnu. Barnaheill eru einnig aðilar að Almannaheillum – samtökum þriðja geirans.

SAFT

SAFT er vakningarátak um örugga net- og tækninotkun barna og unglunga á Íslandi. Aðilar að SAFT á Íslandi eru auk Barnaheilla; Heimili og skóli, Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn á Íslandi. Ábendingalína Barnaheilla er einn hluti verkefnisins og hjálparlíni Rauða krossins 1717, en að auki gefur SAFT út efni og er með fræðslu



Þorvaldur Danielsson hjá Hjólakrafti afhenti Loga Davíðssyni Lamude, 4 ára, fyrsta hjólið úr Hjólasöfnun Barnaheilla.

til foreldra og skóla sem á að stuðla að ábyrgri og öruggri netnotkun.

SAMAN-hópurinn

Barnaheill eiga aðild að SAMAN-hópnum. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögd er áhersla á samveru foreldra og barna, á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru.

Náum áttum-hópurinn

Fræðslu- og forvarnahópurinn Náum áttum skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2023 var hvernig má bæta líðan og umhverfi barna

og breytt umhverfi samfélagsmiðla og hvernig á að fóta sig í upplýsingaóreiðunni.

Hjólasöfnun

Hjólasöfnun Barnaheilla var haldin tólfta árið í röð í samvinnu við Hjólareidabændur, Æskuna, barnahreyfingu IOGT og endurvinnslustöðvar SORPU. Söfnunin hófst formlega 24. mars í móttökustöð SORPU við Sævarhöfða. Þorvaldur Danielsson hjá Hjólakrafti afhenti Loga Davíðssyni Lamude, 4 ára, fyrsta hjólið í söfnunina við formlega athöfn. Um 300 börn og ungmenni fengu afhent hjól.

Markmið hjólasöfnunarinnar er að börn í félagslega eða fjárhagslega erfiðri stöðu eignist hjól og eflist þar með félagslega og heilsufarslega.



Tvíburarnir Snædís María og Sigurbergur Áki fengu fyrstu lyklakippurnar í vorsöfnun Barnaheilla.

Út að borða fyrir börnin

Árlegt fjáröflunaráttak Barnaheilla, Út að borða fyrir börnin fór fram 15. febrúar til 15. mars. Í samstarfi við veitingastaði söfnuðust 2,6 milljónir króna. Að vanda rann söfnunarféð í verkefni Barnaheilla sem snúa að vernd gegn ofbeldi á börnum.



Vorsöfnun

Í apríl á hverju ári standa Barnaheill fyrir vorsöfnun til að halda áfram baráttunni fyrir vernd barna gegn ofbeldi. Með söfnuninni er einnig verið að vekja athygli á alvarleika kynferðisbrota á börnum og að gæta þurfi að velferð barna í hvívetna. Vorsöfnun Barnaheilla stóð yfir í 10 daga 28. apríl – 7. maí og söfnuðust 24 milljónir króna.

Haustsöfnun

Haustsöfnun Barnaheilla er árlegt fjáröflunaráttak til styrktar erlendum verkefnum. Söfnunin stóð yfir í 10 daga eða frá 31. ágúst til 9. september. Hún gekk vonum framár þar sem tæplega 10.000 armbönd voru seld víða um land og í vefverslun Barnaheilla og söfnuðust 24,8 milljónir króna.

Heillagjafir

Líkt og fyrr ári voru Heillagjafir seldar fyrir jólin. Að þessu sinni rann sala Heillagjafa til

stuðnings átakanna á Gaza. Sala Heillagjafa gekk vel og var söluþétt slegið. Alls seldust Heillagjafir fyrir 14,2 milljónir króna.

Neyðarsöfnun

Í febrúar hófu Barnaheill neyðarsöfnun til styrktar mannúðaraðstoð alþjóðasamtaka Barnaheilla í Tyrklandi og Sýrlandi í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar þann 6. febrúar. Á jarðskjálftasvæðinu misstu 716.000 manns heimili sín. Alls söfnuðust 1.5 milljón í neyðarsöfnuninni.



Handverksfólk í Sierra Leóne framleiddi 12.000 armbönd og 10.000 lyklakippur fyrir Barnaheill sem selt var sem fjáröflunarvarningur.

Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla – Save the Children eru forvarnir og viðbrögð við ofbeldi á börnum. Árið 2022 skrifuðu Barnaheill undir rammasamning við utanríkisráðuneytið um þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Rammasamningurinn nær til þriggja ára og gildir út árið 2024. Samningurinn hefur gjörbreytt landslagi erlendra verkefna Barnaheilla sem þróuðust mikið á árinu.

MANNÚÐARAÐSTOÐ



Í janúar 2023 hófu Barnaheill mannúðarverkefnið Nafasi Rafiki í Suður-Kívu í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Verkefnið er framhald af fyrra verkefni sem var frá 2021 til 2022. Verkefnið miðar að því að vernda börn gegn ofbeldi, misnotkun, útskúfun og vanrækslu, auk þess að vernda börn fyrir því að vera neydd til að ganga til liðs við vígahópa og styðja við börn sem hafa þegar verið neydd til þess. Með verkefninu styðjum við fjögur Barnvæn svæði og samfélagslega leidda barnavernd og bjargráð. Verkefnið er til þriggja ára og stendur til desember 2025.

Barnaheill veita fjárlög í Viðbragðssjóð alþjóðasamtaka Barnaheilla – Save the Children á hverju ári. Barnaheill sendu 33 milljónir í Viðbragðssjóðinn árið 2023 til að styðja við börn og fjölskyldur þeirra á Gaza. Einnig var sent fjármagn í viðbragðssjóðinn sem var eyrnamerkt mannúðaraðstoð alþjóðasamtaka Barnaheilla í Tyrklandi og Sýrlandi í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar þann 6. febrúar.

Nýtt mannúðarverkefni hófst haustið 2023 þegar sérfræðingur Barnaheilla hóf störf hjá svæðisskrifstofu Barnaheilla – Save the Children í Mið- og Vestur Afríku. Markmið starfs sérfræðings er að byggja upp svokallað HLA hub á svæðinu sem sérhæfir sig í getuuppbyggingu starfsfólks í mannúðaraðstoð.

ÞRÓUNARSAMVINNA

Barnaheill eru með þróunarverkefni í þremur löndum; Síerra Leóne, Líberíu og Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.

Síerra Leóne

Þróunarverkefnið í Síerra Leóne hófst haustið 2022 og er til þriggja ára. Markmið verkefnisins er að vernda börn á skólaaldri gegn öllu ofbeldi, sér í lagi gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðisofbeldi.

Líbería

Þróunarverkefnið í Líberíu hófst í byrjun árs 2023. Verkefnið er liður í stofnunaruppbyggingu landsskrifstofu Barnaheilla í Líberíu. Við veitum Barnaheill í Líberíu rágjöf og tæknilega aðstoð er snýr að forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum. Markmið aðstoðar Barnaheilla þar í landi er að bregðast við þeirri neyð sem þar ríkir er varðar kynferðisofbeldi gegn börnum.

Kongó

Samhliða mannúðarverkefni Barnaheilla í Suður-Kívu hófu samtökin einnig þróunarverkefni árið 2023 í bænum Goma. Það verkefni miðar að því að aðstoða götubörn en um 20.000 börn búa á götunni í Goma. Fyrsta skref er að sameina börnin fjölskyldum eða ættingjum svo þau hafi öruggt skjól. Einnig aðstoðum við börnin að fara í nám og geta þau valið um bóklegt nám eða iðnnám. Fjöldi barna hafa útskrifast úr iðnnámi og hafa stofnað sitt eigið fyrirtæki og þannig aflað sér tekna.

ERLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna náið með alþjóðasamtökum Barnaheilla – Save the Children að mótun stefnu og starfshátta og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem þau standa fyrir.



Árlegir fundir alþjóðasamtakanna

Á hverju ári er haldinn fundur með forystufólki alþjóðasamtaka Barnaheilla – Save the Children til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Fundurinn var haldinn í Suður-Kóreu þetta árið og sótti framkvæmdastjóri Barnaheilla fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Þátttaka á ársfundum er afar mikilvæg. Þar kemur ýmislegt lærdómsríkt og upplýsandi fram auk þess skapast tækifæri til að mynda tengsl og hafa áhrif.

Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfshópi Evrópuhluta Barnaheilla – Save the Children sem er með aðsetur í Brussel. Aðild að þeim eiga systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Þýskalandi. Meðal markmiða samstarfsins er að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni sem varða réttindi og velferð barna.

Forvarnarverkefni í Albaníu

Árið 2020 hófst fimm ára samstarfsverkefni Barnaheilla – Save the Children Albaníu, Sviss og Íslands, um að innleiða forvarnir gegn lífsstíllssjúkdómum í Albaníu. Litið er til Íslands um ráðgjöf og fræðslu um íslenska forvarnarmódelið og jafnframt notast við heildrænt heilsueflandi hugmyndakerfi



Markmið ferðarinnar var að kynnast starfi Barnaheilla í Rúmeníu er snýr að vernd gegn kynferðisofbeldi á börnum. Í ferðinni heimsótti starfsfólk einnig skrifstofu saksóknara í Búkarest sem sérhæfa sig í rannsókn og saksókn kynferðisbrota gegn börnum og skrifstofu félagsþjónustu og barnaverndar í Búkarest. Einnig heimsótti starfsfólk landamærastöð sem liggur við landamæri Úkraínu en þar reka alþjóðasamtök Barnaheilla – Save the Children barnvænt svæði. Stöðugur flóttamannastraumur hefur verið þar í gegn síðan í febrúar 2022. Þetta var áhrifamikil heimsókn og það tók á starfsfólk Barnaheilla að heyra frásagnir af því þegar fyrsta flóttafólkið kom frá Úkraínu.

sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur þróað. Barnaheill fengu fulltrúa frá Heimili og skóla, Embætti landlæknis, SAMFOK og Heilsugæslunni til samstarfs með von um að reynsla og þekking frá Íslandi nýttist til að byggja upp heilsuefandi samfélag fyrir börn í Albaníu til framtíðar.

Innleiðing Barnahúss í Búkarest

Haustið 2023 fór starfsfólk Barnaheilla til Búkarest í tengslum við verkefnið *Saman til verndar börnum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi – miðlun góðra starfsaðferða*. En árið 2022 settu Barnaheill í Rúmeníu á stofn Barnahús, að íslenski fyrirmynd.


TEKJUR OG GJÖLD 2023

Tekjur af reglulegri starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru samtals 376 milljónir. Um 52% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi einstaklingsframlaga og fjáraflana. Starfsemi Barnaheilla gekk vel að því leiti til að fjáraflanir skiluðu betri innkomu á árinu en undanfarin ár auk þess sem að töluverður niðurskurður átti sér stað. Einnig höfðu rammisamningar við utanríkisráðuneytið áframhaldandi


áhrif á umfang reksturs og starfsemi samtakanna erlendis. Framkvæmdastjórnarskipti áttu sér stað á vormánuðum og auk þess urðu töluverðar mannabreytingar. Rekstrargjöld voru um 325 milljónir. Hagnað ársins um tæpar 58 milljónir má rekja til sölu íbúðar Barnaheilla á árinu en auk þess var unnið upp tap fyrri ára. (2022: neikvætt um 23 milljónir)

Áritun endurskoðanda samtakanna á ársreikningi segir til um að samtökin séu rekstrarhæf um fyrirsjáanlega framtíð.

SKIPTING TEKNA



SKIPTING GJALDA



Stjórn og starfsfólk



Barnaheill

Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2023

Starfsfólk

Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri (1. mars - 31. desember 2023.)
Ellen Calmon, framkvæmdastjóri (til 28. febrúar 2023)
Guðrún Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri og leiðtogi erlendra verkefna
Linda Hrönn Þórisdóttir, leiðtogi innlendra verkefna
Íða Björg Unnarsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og forvarna
Kolbrún Pálsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála og erlendra verkefna
Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna
Matthías F. Matthíasson, verkefnastjóri innlendra verkefna (til 31. janúar 2023)
Þóra Björnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna
Þóra Jónsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna (til 30. nóvember 2023).

Stjórn Barnaheilla 2023 - 2024

Formaður

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir

Varaformaður

Bjarni Torfi Álfþórsson

Stjórnarfólk:

Bergrún Íris Sævarsdóttir
Herdís Pála Pálsdóttir
Ólafur Aðalsteinsson
Pétur Óli Gíslason
Sólveig Rós Másdóttir

Varamenn í stjórn

Anna Magnea Hreinsdóttir
Eva Huld Ívarsdóttir

Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir.

Nefndir

Kjörnefnd

María Sólbergdóttir
Elísabet Guðmundsdóttir
Erna Reynisdóttir

Laganefnd

Alexander Hafþórsson
Elísabet Guðmundsdóttir
Bryndís B. Gunnarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Ása Kristbjörg Karlsdóttir
Ágústa Katrín Marisdóttir

Fulltrúar í stjórn

Mannréttindaskrifstofu Íslands

Áslaug Björgvinsdóttir, aðalmaður
Erna Reynisdóttir, varamaður

Bókari

Ellen Blomsterberg

Löggiltur endurskoðandi

Sigríður Ármannsdóttir, ApaL ehf.



Barnaheill

Stjórn og starfsfólk Barnaheilla

– Save the Children á Íslandi

Þakka öllum þeim sem hafa lagt samtökunum lið á árinu 2023.

Sérstakar þakkir fá Heillavinir, sem með mánaðarlegum framlögum sínum gera Barnaheillum kleift að halda úti starfsemi sinni.

Einnig þökkum við ráðuneytum sem hafa stutt við einstök verkefni samtakanna.

Réttindi barna varða okkur öll. Með ykkar stuðningi höldum við ótrauð áfram að vinna í þágu barna og gæta réttinda þeirra.